

Hróðurskota

Jakob Benediktsson

Í *Víga-Glúms sögu* (7. kap.) segir svo frá heimkomu Glúms úr utanför: »Síðan reið hann heim at garði. Þá sá hann, at færðr var garðrinn ok gengit á hans hlut, ok þá kvað hann vísu:

Nær gengr mér ok mínum,
menþoll, hjúum ǫllum,
þverr við glaum, enn græni
garðr an oss of varði.
Verðr hróðrskotat harðla,
hér tínik þat, mínum,
munat enn of styr stála
starflauss, fǫðurarfi«¹.

Vísan má heita óbreytt eins og hún er skráð í *Möðruvallabók*; þó er *menþoll* í 2. vísuorði leiðrétt úr *mendaull* í handriti, og *hróðrskotat* í 5. vo. er í hdr. skrifað í tveimur orðum (*hroðr skotað*). En einmitt þetta orð, sem kemur hvergi annarstaðar fyrir í fornritum, hefur reynzt fræðismönnum ásteytingarsteinn, og má af þeirri sögu draga nokkurn lærdóm; því skal hún rakin hér í sem fæstum orðum.

Í útgáfu Guðmundar Péturssonar 1786 er síðari vísu-helmingurinn tekinn svo saman: »Verðr harðla skotat mínum föðrarfi. Her tinni ek þat (mínum) hródr. Munat ek enn starflauss um stála styr«². Latnesk þýðing vísunnar sam-

svarar þessu: »Valde raptatur meum patrimonium« o.s. frv. *Hróðr* og *skotat* eru hér því tekin upp sem tvö orð, og *hróðr* tengt innskotssetningunni í 6. vo. Við textann er tilfærður úr pappírshandritum leshátturinn *Hrod-skotat*, og það orð er tekið upp í orðasafn útgáfunnar (bls. 205). Þar er *hroð* skýrt »ruina, vastatio, clades, dispendium«, en ekki er ljóst hvort útgefandi hefur talið þennan leshátt fá staðizt.

En ekki hafa allir samtímamenn Guðmundar Péturssonar skilið vísuna á þennan hátt. Í orðabók Björns Halldórssonar stendur svo: »Hróðurskota (at hróðurskota), *in pejorem partem v. locum movere, v. ferre, detrahere*, fore af Lave og Orden, forringe, fortale. Verdr hróðurskotat harla, hér tíni eg það, mínum munat einn of styr stála, starflaus födr arfi, *patrimonio meo multum detrahitur, id hic refero, non ero unus armorum otiosus spectator*, min Fædrene=arv forringes saare meget, maa jeg her fortælle; ene vil jeg ikke være Kampens ørkesløse Tilskuer«. Björn sendi handritið að orðabók sinni til Kaupmannahafnar 1786 og hefur því ekki þekkt útgáfu Guðmundar Péturssonar af Víga=Glúms sögu, enda kemur texti vísunnar heim við Hóla=útgáfuna 1756³, sem mun vera heimild Björns. Í Hóla=útgáfunni er vísan ekki skýrð, og *hróðurskotað* er prentað í tveimur orðum, svo að Björn hefur ekki sótt skýringu sína þangað.

Sveinbjörn Egilsson hefur sýnilega trúað á skýringu Björns Halldórssonar, því að hann tekur upp orðið *hróðr-skota* í *Lexicon poëticum* (1860) og leggur út: »honorem deprimere (*hróðr, skota*), it. contumeliose tractare, vexare, profligare, cum dat.: *mínum föðurarfi verðr harðla hróðr-skotat patrimonium meum . . . admodum vexatur, mihi male extorquetur*«. Sveinbjörn tekur einnig upp myndina *hróðr-skota* úr pappírshandritum Víga=Glúms sögu og skýrir hana svo: »potest et derivari a *hroð* direptio, rapina, per vim et rapinam extorquere aliquid«.

Finnur Jónsson hvarf að verulegu leyti aftur að skýringu Guðmundar Péturssonar. Í *Skjaldedigtningin* (B I 112)

breytir hann þremur orðum í vísuhelmingnum og tekur svo saman: »þar verður skotat harðla mínum fúður arfi — hér tinnik hróðr —; munat enn *starflaust of staf stála*«. Sögnin *hróðrskota* er því ekki til í útgáfum Finns Jónssonar á *Lexicon poeticum*. Þessari skýringu Finns andmælti E. A. Kock í *Notationes norrœnæ* § 381; hann heldur texta Möðruvallahókar óbreyttum og tekur saman eins og Björn Halldórsson og Sveinbjörn Egilsson og segir: »Jag fattar *hróðrskotat* sásom 'knuffat (stött) med hänsyn till äran (till den vederbörliga aktningen eller respekten)'; jfr. sv. *ärekränkt, kantstött*«. Eins og sjá má er þetta næsta líkt þýðingum þeirra Björns og Sveinbjarnar, þó að hvorugur sé nefndur. K. Reichardt gerði tilraun til að verja skýringu Finns Jónssonar⁴, og það gaf E. A. Kock tilefni til að koma aftur að þessum vísuhelmingi (*Not. norr.* § 1824). Þá stingur hann upp á að lesa mætti *hróðskotat* í merkingunni »brákipt knuffat, grälaktigt angripet«, og er þar kominn lesháttur pappírshandritanna, en skýringin ekki ólík skýringum þeirra Guðmundar Péturssonar og Sveinbjarnar; hvorugur er þó nefndur frekar en í fyrri sinnið. Síðustu útgefendur Víga-Glúms sögu, þeir G. Turville-Petre og Jónas Kristjánsson⁵, fylgja Kock í fyrri skýringu hans, og báðir gefa honum einum dýrðina án þess að geta fyrirrennara hans.

En nú kemur nýtt atriði til sögunnar, sem er tilefni þessa greinarkorns. Fyrir skömmu fékk Orðabók Háskólans um það vitneskju úr þremur stöðum af Vestfjörðum að til hafi verið þar í mæltu máli sögnin *hróðurskota* allt fram á daga manna sem enn lifa⁶. Merkingin er 'rusla til', 'færa úr stað', 'færa úr lagi', t. d. »Þú hefur hróðurskotað þessu til, svo að ég finn það ekki«. Um þetta orð voru áður engar heimildir aðrar en þær sem raktar hafa verið hér á undan, að undanskildu einu dæmi í söfnum Orðabókar Háskólans, en það er úr Landaskipunarfræði Bókmenntafélagsins: »hann [∩: *Strokkur*] þykir nú á dögum hróðurskota edr minka ordstýr hins gamla Geysirs«⁷. En höfundur þessara orða, Gunnlaugur Oddsen, síðar dómkirkjuprestur, var

maður bóklærður vel og má vel hafa haft orðið úr Víga-Glúms sögu eða frá Birni Halldórssyni. Menn virðast og almennt hafa álitnið að Björn Halldórsson hefði ekki þekkt sögnina *hróðurskota* úr öðrum heimildum en sögunni, og af þeirri skoðun mun það stafa að Sigfús Blöndal tók ekki sögnina upp í orðabók sína.

En sé þýðing Björns Halldórssonar athuguð betur virðist allt annað en öruggt að Víga-Glúms saga hafi verið eina heimild hans um orðið. Upphafið á skýringu hans: 'in pejorem partem v. locum movere v. ferre' kemur ekki heim við þýðingu hans á vísunni ('patrimonio meo multum detrahitur'), en er furðu nærri merkingunni í vestfirzku nútímadæmunum sem tilfærð voru. Nú var Björn þaukkun-ugur vestfirzku málfari, og ekkert líklegra en að hann hafi þekkt sögnina *hróðurskota* úr mæltu máli ef hún hefur tíðkapt í námunda við hann. Hitt er eðlilegt að hann hafi gripið til dæmisins úr Víga-Glúms sögu þegar skýra átti sögnina í orðabók. Sú staðreynd að orðið hefur lifað fram á þessa öld í mæltu máli vestfirzku, m. a. í Arnarfirði, er raunar full sönnun þess að orðið hefur verið til á dögum Björns Halldórssonar, og úr því að þýðing hans bendir til frekari heimilda en vísu Víga-Glúms verður að telja það næsta sennilegt að hann hafi þekkt sögnina *hróðurskota* úr mæltu máli.

Engar líkur eru til þess að orð eins og *hróðurskota* hafi komizt inn í vestfirzkt talmál úr Víga-Glúms sögu eða orðabók Björns Halldórssonar, og verður því að álykta að orðið hafi verið til í mæltu máli allt frá forneskju. Meira að segja mætti láta sér koma í hug að merking orðsins í vísu Víga-Glúms stæði nær nútímamerkingunni en talið hefur verið. Athugum sambengið: Glúmur talar í fyrri helmingi vísunnar um að garðurinn hafi verið færður nær heimili sínu og í síðari helmingnum um að föðurarfi sínum hafi verið *hróðurskotað*. Því er ekki fjarri lagi að ætla að merking orðsins í vísunni væri 'að færa á verri veg', þar sem einmitt er um það að ræða að færð hafa verið landa-

merki. Sú þýðing virðist allavega eðlilegri en að tala um að föðurarfur hafi verið smánaður eða lítilsvirtur. Þetta mundi ekki þýða annað en það að sú merkingarbreyting sem fram kemur í nútímanotkun orðsins, hafi verið komin af stað þegar í fornu máli, sé miðað við að upphaflega merkingin hafi verið eitthvað í áttina við að smána eða lítilsvirða.

Í upphafi var sagt að af þessari sögu mætti draga nokkurn lærdóm. Af því sem nú hefur verið sagt ætti að vera ljóst að hann er tvenns konar: annarsvegar að ógætilegt er að ganga þegjandi fram hjá fornritaskýringum fyrri manna, hinsvegar að íslenzkt nútímamál getur varðveitt margvíslega vitneskju sem verða má að notum til að skýra torráðna staði fornra bóka.

SUMMARY

The MS reading *hróðr skotað* in a verse in *Víga-Glúms saga*, ch. 7, has been interpreted (1) as one word (*hróðrskotat*, which has been regarded as a *hapax legomenon*) and (2) as two words (*hróðr, skotat*), belonging to two different clauses. In the present article these interpretations are discussed, and it is shown that both of them can be traced back to the 18th century, (1) to Björn Halldórsson's Icelandic dictionary, and (2) to the 1786-edition of *Víga-Glúms saga*, even if these old interpretations are not referred to by modern editors and lexicographers.

The verb *hróðurskota* has, however, been recorded quite recently from three independent sources in NW-Iceland (Vestfirðir) in the meaning 'throw out of order', 'move from the proper place', 'disarrange'. This verb thus seems to have existed in spoken Icelandic from the Sagatime; and the translation by Björn Halldórsson (who lived in NW-Iceland) seems to indicate that he knew the verb not only from *Víga-Glúms saga*, but also from contemporary speech. Finally, it is suggested that *hróðrskotat* in the verse might mean something like 'disarranged', which would be more natural in the context and closer to the modern Icelandic meaning than the commonly accepted interpretation ('disgraced', 'disparaged').

TILVÍSANIR

1. *Íslenzk fornrit IX* 20; sbr. *Den norsk-isl. skjaldedigtning*, A I 118, B I 112.
2. *Víga-Glúms saga*. Havnæ 1786, bls. 174; texti og latnesk þýðing er á bls. 38–39. Sama skýring kemur og fram í orðasafni undir *skota* (bls. 221).
3. *Agjætar Fornmanna Sögur*. Hoolum 1756, bls. 193. Þar stendur einnig í 7. vo. *Munat einn . . .*
4. K. Reichardt, *Studien zu den Skalden des 9. und 10. Jahrhunderts* (Palaestra 159). Leipz. 1928, bls. 196.
5. *Víga-Glúms saga*, ed. by G. Turville-Petre. Oxford 1940, 2. ed. 1960; *Íslenzk fornrit IX*, Reykjavík 1956.
6. Í einni heimildinni var myndin reyndar *hróðurskotra*, sem er augljós síðari breyting eftir sögninni *skotra*. — Önnur heimild (skrásett fyrir tæpum 50 árum) telur *hróðurskota e-m* þýða 'troða niður af e-m skóinn, gera veg hans minni', og minnr hún á síðari þýðingu Björns Halldórssonar.
7. *Almenn Landaskipunarfrædi*, Kaupmannahöfn 1821–27, I 2, 189.